



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/92

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1538
komudagur 25.4.2005

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
allsherjarnefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

25. apríl 2005

Efni: **Um frumvarp um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993, 681. mál.**

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 14. apríl sl., var Sambandi íslenskra tryggingafélaga sent ofangreint þingmál til umsagnar. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Skaðabótalög nr. 50/1993 kom til framkvæmda 1. júlí 1993. Lögin voru að mörgu leyti vönduð, og var efni þeirra í grundvallaratriðum að danskri fyrirmynd. Í þeim tilvikum, sem vikið var frá efni dönsku skaðabótaganna, var það gert til að auka rétt tjónþola. Þrátt fyrir þá réttarbót, sem óumdeilanlega fólst í skaðabótalögnum hér á landi, hefur á köflum staðið stýrr um lögin, og nokkrir orðið til þess að gagnrýna einstök ákvæði laganna. Með lögunum í upphaflegri mynd var tekin upp stöðlun við útreikning örorkubóta og lögfestur einn margföldunarstuðull. Jafnframt var sú meginregla mótuð, að greiðslur til tjónþola frá þriðja aðila skyldi ekki dragast frá bótakröfu, en við uppgjör bóta skv. eldri ólögfestum skaðabótareglum áttu slíkar bætur jafnaðarlega að dragast frá. Á árinu 1996 var skaðabótalögum breytt og margföldunarstuðull í 6. gr. laganna hækkaður úr 7,5 í 10, og áfram miðað við óbreyttar reglur um þýðingu bótageiðslna frá þriðja aðila, þ.e. að þær skyldu ekki koma til frádráttar við uppgjör skaðabótakröfu. Á árinu 1999 var skaðabótalögnum enn breytt, sbr. lög nr. 37/1999. Horfið var frá hinu einfalda stuðlaverki, en þess í stað tekið upp allmargslungið stuðla- og reikniverk, m.a. breytilegur margfeldistuðull vegna varanlegrar örorku fyrir alla slasaða til 75 ára aldurs. Reikniverkið beinlínis byggir á því, að greiðslur til tjónþola úr öðrum “bótakerfum” skuli koma til frádráttar skaðabótunum. Orðrétt segir um þetta atriði í athugasemdum frumvarpsins til breytingar á skaðabótalögnum, sem samþykkt voru árið 1999:

“Samkvæmt gildandi lögum dragast bætur frá almannatryggingum og lífeyrissjóði ekki frá bótum fyrir varanlega örorku. Í greinargerð með frumvarpinu að skaðabótalögum, nr. 50/1993, kemur fram að margföldunarstuðull laganna hafi öðrum þræði verið ákveðinn með hliðsjón af því að tjónþoli héldi óskertum rétti til bóta frá þriðja manni, t.d. almannatryggingum og váttryggingum. Þessi sjónarmið eiga ekki við í þessu frumvarpi. Margföldunarstuðull 5. gr.


frumvarpsins er annars eðlis en í gildandi lögum og við það miðaður að tjónþoli fái að fullu bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna varanlegrar örorku. Vegna þessa er lagt til að til frádráttar bótum komi greiðslur af félagslegum toga sem koma í hlut tjónþola vegna örorkunnar.”

Í því frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar og allsherjarnefnd sjálf stendur að, er lagt til, að í fyrsta lagi verði í 5. gr. laganna kveðið á um, að eingöngu eingreiðslur frá almannatryggingum dragist frá bótum til tjónþola, en ekki aðrar greiðslur eins og nú er miðað við, og í öðru lagi að 13. gr. laganna verði breytt þannig, að hvorki bætur skv. lögum um almannatryggingar eða frá lífeyrissjóðum verði dregnar frá bótum til eftirlifandi maka. Augljóst er af framansögðu, að breytingar af þessu tagi verða ekki gerðar nema taka til endurskoðunar gildandi stuðlaverk skaðabótaganna í heild sinni. Ekki verður betur séð en gangi efni frumvarpsins eftir, þá fjarlægist skaðabótalögin það yfirlýsta markmið skaðabótaréttar að tryggja að tjónþolar skuli fjárhagslega vera eins settir og hið bótaskylda tjón hafi ekki orðið. SÍT getur því ekki mælt með samþykkt frumvarpsins eins og það er lagt fram af hálfu allsherjarnefndar.

2. Af hálfu SÍT hefur að gefnu tilefni verið leitað til tryggingastærðfræðings til að kanna áhrif frumvarpsins á bótagreiðslur, ef frumvarpið yrði samþykkt óbreytt. Athugunin beindist að bótagreiðslum í lögboðnum ökutækjetryggingum, frjálsum ábyrgðartryggingum og slysatryggingu sjómanna, en sú slysatrygging er gerð upp samkvæmt skaðabótalögum. Niðurstöðurnar eru þær, að bætur fyrir líkamstjón í lögboðnum ökutækjetryggingum hækka um 3 til 4%, í frjálsum ábyrgðartryggingum hækkar bætur um 4 til 5% og í slysatryggingu sjómanna verður hækkun bóta um 8 til 10%. Nánar vísast í meðfylgjandi samantekt Bjarna Guðmundssonar, cand.act., til SÍT, dags. í dag. Vilji Alþingi auka skaðabótarétt einstaklinga, og þar með skaðabótaskyldu einstaklinga og fyrirtækja hér á landi, er engan veginn gefið, að þær breytingar sem í frumvarpinu er að finna, séu þær sanngjörnustu að öllu virtu, öðru nær. SÍT bendir á, að bráðnauðsynlegt er að þetta mál sé borið undir sem flesta, sem hér eiga beint og óbeint hagsmuna að gæta, þ.m.t. Samtök atvinnulífsins og Landssamband íslenskra útvegsmanna. Þá væri afar forvitnilegt að fá skoðun þeirra, sem komu að samningu frumvarpsins, sem varð að lögum árið 1999, sbr. lög nr. 37/1999, og þeim úreikningum er lagðir voru fram í tengslum við það á sínum tíma, á því álitaefni, hvernig þetta frumvarp allsherjarnefndar falli að forsendum gildandi reiknireglna skaðabótaganna.

Undirritaður er hvenær sem er reiðubúinn að veita fyllri upplýsingar um mál þetta, verði talin þörf á því.

Með vinsemi og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson

2005-04-25

Hr. Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri
Samband Íslenskra tryggingafélaga

**Efni : Áhrif bóta frá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrissjóðum á bótagreiðslur
vátryggingafélaga vegna varanlegrar örorku og missi framfæranda samkvæmt
skaðabótalögum**

Að beiðni þinni hefi ég kannað áhrif framkomins frumvarps til skaðabótalaga, 681.mál, ef að lögum yrði, á tjónþáttinn/áhættuþáttinn hjá vátryggingafélögum (pure premiums), sbr. reglugerð ESB nr. 358/2003.

Athuginin beindist að þremur greinum, lögboðnum ábyrgðartryggingum, frjálsum ábyrgðartryggingum og slysatryggingu sjómanna. Aflað var gagna hjá Sjóvá-Almennum hf, Tryggingamiðstöðinni hf og Vátryggingafélagi Íslands hf. Athuguð voru tjón þar sem reynt hafði á frádráttarákvæði skaðabótalaga og þannig áætluð hlutfallsleg hækkun bóta fyrir líkamstjón í þessum greinum ef umrætt frumvarp verður að lögum.

Er niðurstaðan eftirfarandi:

Bætur fyrir líkamstjón í lögboðnum ökutækjatrýggingu : hækkun um 3-4%

Bætur fyrir líkamstjón í frjálsum ábyrgðartryggingum: hækkun um 4-5%

Bætur í slysatryggingu sjómanna : hækkun um 8-10%

Ásamt undirrituðum hafa Steinunn Guðjónsdóttir tryggingastærðfræðingur og Ragnar Ragnarsson tölfræðingur unnið að úrvinnslu gagnanna.

Virðingarfyllt,


Bjarni Guðmundsson